

152. löggjafarþing 2021–2022.
Þingskjal 427 — 198. mál.
Síðari umræða.

Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu
EES-nefndarinnar nr. 50/2021 um breytingu á IX. viðauka
(Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Kára Kárason frá fjármála- og efnahagsráðuneyti og Ingólf Friðriksson og Ernu S. Hallgrímsdóttur frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn og fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/834 frá 20. maí 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar stöðustofnarskyldu, frestun á stöðustofnarskyldu, kröfur um skýrslugjöf, aðferðir til mildunar áhættu fyrir OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili stöðustofnar ekki, skráningu og eftirlit með afleiðuviðskiptaskrá og kröfur fyrir afleiðuviðskiptaskrá.

Framsetning tillögunnar telst að mati nefndarinnar í samræmi við 7. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Jakob Frímann Magnússon og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Gísli Rafn Ólafsson, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur álit þessu.

Alþingi, 2. febrúar 2022.

Bjarni Jónsson,
form.

Diljá Mist Einarsdóttir,
frsm.

Birgir Þórarinsson.

Jóhann Friðrik Friðriksson.

Logi Einarsson.

Njáll Trausti Friðbertsson.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir.